RÍKISENDURSKOÐUN

2009010376

MÓTTEKIÐ
25. maí 2009
Fjármálaeftirlitið

MÓTTEKIÐ
18. júní 2009
Fjármálaeftirlitið

# Fjármálaeftirlitið

## Ársreikningur 2008

Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
Reykjavík
541298-3209

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ........ 3

Áritun endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda ennfremur lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu 912,7 millj. kr. á árinu 2008. Aðrar tekjur námu 11,2 millj. kr. og fjármunatekjur námu 43,0 millj. kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.075,3 millj. kr. Eignir í árslok 2008 námu samtals 771,0 millj. kr. og skuldir 242,7 millj. kr.

Eigið fé í ársbyrjun 2008 var jákvætt um 87,7 millj. kr. Tekjuafgangur ársins nam 440,6 millj. kr. og eigið fé í árslok 2008 var því jákvætt um 528,3 millj. kr.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.

Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

15. júní, 2009

Reykjavík, maí 2009

**Stjórn**

Gunnar Haraldsson,
formaður.

Kristín Haraldsdóttir. Jón Þ. Sigurgeirsson.

**Forstjóri**

Gunnar Þ. Andersen.

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 15. júní 2009.

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjur af eftirlitsgjaldi | 1 | 912.709.000 | 602.636.000 |
| Aðrar tekjur | 2 | 11.179.627 | 14.525.093 |
| | | 923.888.627 | 617.161.093 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 530.444.447 | 422.873.353 |
| Úrskurðarnefndir | 4 | 5.891.996 | 5.859.565 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 53.772.095 | 42.244.882 |
| Ferða- og starfstengdur kostnaður | 6 | 43.880.921 | 33.862.326 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 7 | 340.375.184 | 43.826.554 |
| Rekstur tækja og áhalda | 8 | 21.520.080 | 11.912.657 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 13.649.786 | 5.900.142 |
| Húsnæðiskostnaður | 10 | 49.445.540 | 25.531.801 |
| Tilfærslur | 11 | 1.486.500 | 1.603.150 |
| | | 1.060.466.549 | 593.614.430 |
| Eignakaup | 12 | 14.797.816 | 4.485.962 |
| | | 1.075.264.365 | 598.100.392 |
| **(Tekjuhalli)/tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur** | | ( 151.375.738) | 19.060.701 |
| Fjármunatekjur | 13 | 43.014.668 | 19.691.550 |
| **(Tekjuhalli)/tekjuafgangur fyrir ríkisframlag** | | ( 108.361.070) | 38.752.251 |
| Ríkisframlag | | 549.000.000 | 0 |
| **Tekjuafgangur ársins** | | 440.638.930 | 38.752.251 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ríkissjóður | 14 | 502.026.300 | 377.325 |
| Viðskiptakröfur | | 92.101.662 | 1.558.363 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 47.597.811 | 3.379.082 |
| Handbært fé | | 129.266.695 | 92.236.672 |
| | | 770.992.468 | 97.551.442 |
| **Eignir alls** | | 770.992.468 | 97.551.442 |

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 87.704.829 | 48.952.578 |
| Tekjuafgangur ársins | | 440.638.930 | 38.752.251 |
| **Eigið fé** | 15 | 528.343.759 | 87.704.829 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir | | 242.648.709 | 9.401.973 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 0 | 444.640 |
| **Skuldir** | | 242.648.709 | 9.846.613 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 770.992.468 | 97.551.442 |

# Sjóðstreymi árið 2008

| | Skýr. | 2008 | 2007 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | |
| Tekjuafgangur ársins | | 440.638.930 | 38.752.251 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | 440.638.930 | 38.752.251 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun | | ( 134.762.028) | 2.614.638 |
| Viðskiptaskuldir hækkun | | 232.802.096 | 680.045 |
| | | 98.040.068 | 3.294.683 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 538.678.998 | 42.046.934 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| *Breyting á stöðu við ríkissjóð* | | | |
| Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi | | 1.461.709.000 | 602.636.000 |
| Greitt úr ríkissjóði | | (1.963.357.975) | ( 602.462.859) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 501.648.975) | 173.141 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 37.030.023 | 42.220.075 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 92.236.672 | 50.016.597 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 129.266.695 | 92.236.672 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

### Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtukerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð við greiðslu reikninga innan ársins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeyrslan er hjá Fjársýslu ríkisins.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjármálaeftirlitið er með sjálfstæðan fjárhag. Samkvæmt lögum nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur eftirlitsins. Gjaldið reiknast ýmist sem ákveðinn hundraðshluti af heildareignum, rekstrartekjum eða tryggingariðgjöldum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli starfseminnar. Í nokkrum tilvikum er um fastagjald að ræða. Álagningargrunnur eftirlitsgjaldsins hverju sinni eru ársreikningar eftirlitsskyldra aðila fyrir næstliðið ár þegar áætlun er undirbúin.

Framlög í fjárlögum ársins 2008 námu samtals 17,1 m.kr. Fjárheimild var hækkuð á árinu í 549 m.kr. vegna aukins kostnaðar stofnunarinnar í tengslum við lög nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Kostnaður þessi var vegna skilanefnda bankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgða stofnefnahagsreikninga bankanna, verðmatskostnaðar aðkeyptra sérfræðinga og annarrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Fjárheimildir ársins 2008 urðu því samtals 549,0 m.kr. Það er hins vegar vilji stjórnar Fjármálaeftirlitsins að endurheimta kostnað vegna skilanefndanna frá bönkunum.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 108,4 m.kr. og voru því 440,6 m.kr. eða 80,3% undir fjárheimildum ársins.

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Rekstur | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | ( 16.500 ) | ( 16.500 ) | ( 59.238 ) | 42.738 |
| Laun og launatengd gjöld | 697.800 | 686.700 | 536.336 | 150.364 |
| Önnur rekstrargjöld | 244.300 | 787.300 | 527.687 | 259.613 |
| Tilfærslur | 7.000 | 7.000 | 1.487 | 5.514 |
| | 932.600 | 1.464.500 | 1.006.272 | 458.228 |
| Eignakaup | 3.100 | 3.100 | 14.798 | ( 11.698 ) |
| | 935.700 | 1.467.600 | 1.021.070 | 446.530 |
| Eftirlitsgjald | ( 918.600 ) | ( 918.600 ) | ( 912.709 ) | ( 5.891 ) |
| | 17.100 | 549.000 | 108.361 | 440.639 |

# Skýringar

## Sundurliðanir

### 1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi eru tekjur sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins. Þær jukust um 309,8 m.kr. á milli ára eða 51,4%.

### 2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur drógust saman um 3,3 m.kr. eða um 23% milli ára. Innheimt er gjald vegna úrskurðanefnda af vátryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða til að mæta launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Ýmsar tekjur eru að stærstum hluta eða um 3,5 m.kr. m.kr., greiðslur vegna tilsjónamanns. Aðrar tekjur sundurliðast með eftirtöldum hætti:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Tekjur vegna úrskurðarnefnda | 5.891.996 | 5.859.565 |
| Ýmsar tekjur | 5.287.631 | 8.665.528 |
| | 11.179.627 | 14.525.093 |

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 107,6 m.kr. eða 25,4% á milli ára en að teknu tilliti til fjölgunar stöðugilda hækkuðu laun um 11,8%. Í árslok 2008 var fjöldi starfsmanna Fjármálaeftirlitsins 64 í 55,9 stöðugildum. Allir starfsmenn stofnunarinnar fengu greidd laun umfram almennar launahækkanir á árinu. Annars vegar fengu um 38,8% starfsmanna 10%-20% viðbótagreiðslu þann 1. nóvember vegna bankahrunsins og þann 1. desember um 40,3% starfsmanna 10%-20%. Til viðbótar fengu 9% starfsmanna 0,3 m.kr. eingreiðslu á sama tíma. Hins vegar fengu allir starfsmenn greidda 10-20 yfirvinnutíma í lok árs. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna að fjárhæð 12,8 m.kr. eru meðtalin í framangreindum launakostnaði ásamt greiðslum til 29 aðila sem kallaðir voru til vegna bankakreppunnar. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinna | 285.228.519 | 217.296.198 |
| Yfirvinna | 103.561.020 | 70.108.929 |
| Aukagreiðslur | 47.978.569 | 32.547.194 |
| Önnur laun | 4.170.160 | 3.297.450 |
| Launatengd gjöld | 89.506.179 | 99.623.582 |
| | 530.444.447 | 422.873.353 |

# Skýringar

## 4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2008 varð 0,6% hækkun á kostnaðarlið úrskurðarnefndar. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir síðan kostnaðinn hjá vátryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða. Kostnaður vegna þessara nefnda er með eftirtöldum hætti:

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum, 310 mál | 4.891.831 | 4.452.622 |
| Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 21 mál | 1.000.165 | 1.406.943 |
| | 5.891.996 | 5.859.565 |

## 5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 11,5 m.kr. á milli ára eða 27,3%. Liðurinn auglýsingar og kynningar hækkuðu mest eða um 11,3 m.kr. sem rekja má til ráðningar ráðgjafa í almannatengslum til að svara erlendum aðilum og nam kostnaður vegna hans um 13,6 m.kr. Breytingar voru á öðrum liðum skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar til hækkunar eða lækkunar á árinu 2008.

| | | |
|---|---|---|
| Afnotagjöld | 23.219.222 | 25.668.019 |
| Skrifstofuvörur | 4.832.673 | 1.605.851 |
| Tímarit, blöð og bækur | 3.834.647 | 2.026.719 |
| Auglýsingar og kynningar | 14.784.280 | 3.491.665 |
| Símagjöld | 5.319.042 | 6.663.060 |
| Útgáfustarfsemi | 715.579 | 1.766.630 |
| Burðargjöld | 596.277 | 500.455 |
| Gjafir | 470.375 | 522.483 |
| | 53.772.095 | 42.244.882 |

## 6. Ferða- og starfstengdur kostnaður

Hækkun ferða- og starfstengds kostnaðar nam um 10,0 m.kr. á milli ára eða 29,6%. Mest hækkun var á ferða- og dvalarkostnaði erlendis eða um 5,6 m.kr. Ferðirnar eru á samstarfsfundi og ráðstefnur en stofnunin tekur þátt í samstarfi banka-, verðbréfa- og vátryggingaeftirlita á alþjóðlegum vettvangi. Námskeið og ráðstefnugjöld hækkuðu um 3,0 m.kr. á milli ára eða 29,2%. Þar af hækkuðu námskeiðs- og ráðstefnugjöld um 1,0 m.kr. og kostnður vegna erlendra námsferða um 1,6 m.kr. Akstur er að stærstum hluta greiðslur samkvæmt bifreiðasamningum. Annar kostnaður er risna og félagsgjöld.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 26.132.945 | 20.547.644 |
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 852.371 | 439.733 |
| Funda-, námskeiðs og ráðstefnugjöld | 13.201.288 | 10.214.632 |
| Akstur | 2.101.336 | 1.865.476 |
| Annar kostnaður | 1.592.981 | 794.841 |
| | 43.880.921 | 33.862.326 |

# Skýringar

## 7. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta hækkaði um 296,5 m.kr. á milli ára. Hækkun sérfræðiþjónustu um 285,0 m.kr. má rekja að stærstum hluta eða 180,6 m.kr. til aðkeyptrar þjónustu 15 starfsmanna þriggja skilanefnda og um 68,1 m.kr. vegna gerðar stofnefnahagsreiknings nýju bankanna hjá þremur endurskoðunarskrifstofum. Hækkun á lögfræðiþjónustu má einnig rekja má til aðkeyptrar þjónustu vegna launamála, starfsloka og annarra verkefna. Hækkun á tölvu- og kerfisfræðiþjónustu er vegna hugbúnaðargerðar.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 294.116.578 | 9.097.713 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 46.258.606 | 34.728.841 |
| | 340.375.184 | 43.826.554 |

## 8. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda hækkar um 9,6 m.kr. eða um 801,6% milli ára. Aukninguna má að mestu rekja til rekstrarleigu á tölvubúnaði og aukahlutum vegna fjölgunar starfsmanna á árinu í kjölfar bankahrunsins.

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarleiga tækja og búnaðar | 11.634.440 | 7.366.363 |
| Smátæki og áhöld | 4.294.324 | 2.684.597 |
| Viðgerðir og viðhald | 5.591.316 | 1.861.697 |
| | 21.520.080 | 11.912.657 |

## 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 7,7 m.kr. á milli ára eða um rúman helming sem að mestu má rekja til aukningar fæðis- og rekstrarvörukostnaðar vegna bankakreppunnar. Fjármálaeftirlitið greiðir ásamt fleiri aðilum kostnað vegna reksturs yfirtökunefndar, sem stofnuð var á árinu 2005.

| | | |
|---|---|---|
| Máltíðir og matvæli | 8.105.394 | 3.174.321 |
| Hreinsun og gagnaeyðing | 355.457 | 266.563 |
| Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður | 1.772.010 | 702.222 |
| Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur | 3.096.575 | 691.406 |
| Kostnaður vegna yfirtökunefndar | 320.350 | 626.630 |
| Tapaðar kröfur | 0 | 439.000 |
| | 13.649.786 | 5.900.142 |

# Skýringar

## 10. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Húsaleiga byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Húsnæðiskostnaður hækkaði um 23,9 m.kr. eða um 93,7%, þar af hækkuðu leigugjöld mest eða um tæpar 8,5 m.kr. og öryggisgæsla um 7,6 m.kr. Hækkun húsaleigu má að stórum hluta rekja til þess að á árinu var tekið til viðbótar húsnæði á annarri hæð að Suðurlandsbraut 32 á leigu. Aukningu viðhaldskostnaðar um 3,0 m.kr. má rekja til breytinga á því húsnæði. Hækkun á kostnaði vegna öryggisgæslu má rekja til meiri öryggisgæslu stofnunarinnar eftir bankahrunið.

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 27.958.103 | 19.432.374 |
| Þrif og sorphirða | 4.807.505 | 3.307.025 |
| Orka | 1.239.941 | 931.053 |
| Viðhald fasteigna | 3.147.291 | 187.067 |
| Öryggisgæsla | 8.020.441 | 448.914 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 3.046.891 | 0 |
| Sameiginlegur húsnæðiskostnaður | 1.225.368 | 1.225.368 |
| | 49.445.540 | 25.531.801 |

## 11. Tilfærslur

Tilfærslur námu 1,4 m.kr., þar af er 1,1 m.kr. styrkur til starfsmannafélags Fjármálaeftirlitsins og um 0,3 m.kr. styrkur til einstaklings.

## 12. Eignakaup

Eignakaup jukust um 10,3 m.kr. milli ára. Kaup á tölvubúnaði hækkuðu mest sem má rekja til kaupa á hugbúnaði ásamt kaupum í fjarfunda- og öðrum tölvubúnaði.

| | | |
|---|---|---|
| Tölvubúnaður | 8.606.325 | 1.138.870 |
| Húsgögn | 3.570.870 | 1.852.707 |
| Skrifstofubúnaður og önnur tæki | 2.620.621 | 1.494.385 |
| | 14.797.816 | 4.485.962 |

## 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 48.058.146 | 22.154.257 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 4.746.339) | ( 2.172.744) |
| Vaxtagjöld | ( 297.139) | ( 289.963) |
| | 43.014.668 | 19.691.550 |

# Skýringar

## Annað

### 14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð sýnir 501,6 m.kr. inneign Fjármálaeftirlitsins hjá ríkissjóði í stað 0,4 m.kr. inneignar í árslok 2007. Hækkunin skýrist af hækkun framlags vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2008 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 528,3 m.kr. og hafði hækkað um 440,6 m.kr. frá árinu áður eða sem nam tekjuafgangi ársins.

***Höfuðstóll***

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2008 | 87.704.829 |
| Tekjuafgangur | 440.638.930 |
| Höfuðstóll 31. desember 2008 | 528.343.759 |

## Kennitölur

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 971.947 | 639.315 | 456.894 | 268.183 | 222.633 |
| Rekstrargjöld | ( 1.065.510) | ( 596.077) | ( 390.361) | ( 258.899) | ( 266.358) |
| Stofnkostnaður | ( 14.798) | ( 4.486) | ( 7.434) | ( 3.213) | ( 5.489) |
| Tekjuafgangur | ( 108.361) | 38.752 | 59.098 | 6.071 | ( 49.214) |
| Ríkisframlag | 549.000 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) | 440.639 | 38.752 | 59.098 | 6.071 | ( 49.214) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir | 770.992 | 97.551 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |
| Eignir alls | 770.992 | 97.551 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |
| Höfuðstóll | 528.344 | 87.705 | 48.953 | 4.759 | ( 1.313) |
| Skammtímaskuldir | 242.649 | 9.847 | 9.167 | 2.674 | 4.383 |
| Eigið fé og skuldir alls | 770.992 | 97.551 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |